

## Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins, 20. júní 2024

### Fjarfundur kl. 9-10

#### Dagskrá

*Förum yfir verkefni sumarsins.*

*Staðan í skipulagsmálum og næstu skref – samningur við sveitarfélagið og stjórnunar og verndaráætlun og hvernig það hefur áhrif á okkur.*

*Rafmagn og rotþró*

Mætt: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir sem ritaði fundargerð. Vilhelmína Jónsdóttir forfölluð

#### Fundargerð

##### **Staðan í skipulagsmálum – rafmagn og rotþró:**

Bjarni Hlynur fór yfir skipulagsmál: Fundur í sveitarstjórn 19.6. Breytingar: Búið er að ráða Sylvíu Karen Heimisdóttur, fjármálastjóra, sem sveitarstjóra. Haraldur sinnir hefðbundnum oddvítastörfum, auk þess að halda utan um uppbyggingarmál í sveitarfélaginu. Haraldur mun sinna áfram málum Þjóðveldisbæjar.

Skipulagsstofnun búið að fá gögnin og tekur 2-3 vikur og auglýst í Stjórnartíðindum. Sveitarstjórn búið að samþykkja svo það má hefja vinnuna. Örlitlar breytingar gerðar, byggingarréttur. Áhyggjur hússtjórnar af fjármálum Þjóðveldisbæjar voru ræddar. Haraldur mun hafa samband við Guðmund F. formann: Máldaginn orðinn nokkuð gamall, hefur rýrnað í tímans rás. Ekki óeðlilegt að verði hækkað skv. vísitölu svo taki breytingum. Sveitarfélagið búið að fá samþykkt frá ráðuneytinu að fá tekjur af innviðum. Hluti þeirra tekna yrði lagður inn í hússtjórnina til að byggja upp sjóð til viðhalds. Nákvæm útfærsla yrði í samningi við oddvita. Í máldaganum eru þessar föstu greiðslur ræddar, 2 millj. (mvf ráðuneyti) + 1 millj. plús 2 stöðugildi (Landsvirkjun).

Neðri lóðin, tæknilega komin í hendur sveitarfélagsins. Sveitarstjóri mun græja samning við rekstraraðila. Guðmundur: Lítum svo á að það mál sé ekki lengur í okkar höndum. Komið lóðarnúmer. Guðmundur mun heyra í Haraldi um stöðuna á rotþró og þátttöku í kostnaði. Guðmundur hefur rætt við sína menn um Eiríksbúð og framkvæmdir þar, m.t.t. Þjóðveldisbæjar. GF ræddi við þá, lagði áherslu á að þeir taki ekki rafmagn af, og þarf að finna lausn á vatnsmálum þaðan. Dæla í Eiríksbúð sem dælir því upp að bænum. Þurfum væntanlega að finna dælu sem dælir upp í Þjóðveldisbæ og þaðan geti vatn runnið niður á lóð rekstraraðila. Mögulega þarf að plægja f. nýja lögn. Það er vatnstankur fyrir ofan bæinn, líklega ekki neysl vatnstankur, heldur brunavörn.

Niðurstaða: Skipulagsferli komið á sinn stað og gengið glimrandi vel.

##### **Viðhald og viðgerðir:**

Harpa: Fá Stokka og steina til að endurgera þessa áætlun – Harpa leitar að gögnum og vantar betri yfirsýn yfir viðgerðaráætlun, ekki mikið að græða á ársskýrslum stjórnar. Austurveggur og gögn um endurnýjun hans var skoðuð af ljósmyndum á fundinum, sem Guðmundur tók á sínum

tíma og mun senda hússtjórn. Pælingin að breyta hleðslu í klömbro var til að hægt væri að setja hillur upp í austurgafllinn svo hægt væri að sinna viðhaldi með öðrum hætti og lengja í líftíma veggjar.

Horfa á í heild, og afmarka svo niður hvað við gerum á hverju ári. Verði sett inn í 5 ára áætlun hjá okkur. Suðurveggurinn er langur og mun kosta okkur eitthvað. Guðmundur nefndi að horfa á húsið með öryggi gesta og líkur á Suðurlandsskjálfta var rætt. Afhúsin, G. nefnir að kannski þurfi að rífa þau, til að ná innveggjum og sperrum sem er farið að skekkjast. Þá þurfi mögulega að endurhugsa þakviði. Jarðskjálftavarnir. Þak. Þarf að hugleiða í þessum framkvæmdum. Meta hættu á falli veggja. Sig í veggjum.

Niðurstaða: Næsta sumar tökum við suðurgafli (eða það sem er forgangsraðað við vinnslu áætlunar fagmanna sbr. ofangreint). Höfum fjármuni í það. Ná samningi sem felur í sér viðgerð á hverju ári næstu árin og tími sé tekinn til þess, hafa góðan fyrirvara.

## Önnur mál

### Tekjur af leigu og kostnaður

Guðmundur hefur unnið að áætlun um leigugjald næstu árin, m.t.t. samningsins og tekjur og framlag inn í hússjóð. Á næsta ári áætlað 1.8 milljón fyrir 7 mánuði pr. ár. Leigan fari 2-3 milljónir og max 5 millj. eftir nokkur ár. Guðmundur sendir á okkur og biður stjórn að rýna.

Viðgerðir 5 millj á ári, og 20 millj. á hverju ári miðað við viðgerðaráætlun. Eins og fjárhagsstaðan er í dag, að óbreyttu, höfum við ekki tök á að fara í neinar framkvæmdir nema næstu 2 árin.

Heimasíðan, erum að borga 15 þús á mánuði til að hýsa hana. Bjarni telur að sveitarfélagið sé tilbúið að taka það að sér, greiðsluna. Bjarna falið að fara í það.

Sveitarfélagið horfir til tekna í Þjóðlendunni, t.d. úr námum og Þjórsárdal.

### Skiltamál

Landsvirkjun gerði samning við rekstraraðilann um að hann mætti setja upp skilti við brúna inni á svæði sem tengist hesthúsi og hestabeitarsvæði. Verður fjarlæggt á haustin. Fékk einnig leyfi til að nota fánastangir sem eru við innkeyrslu. Geta ekki merkt sig inn á Google, því það er ekki gata og götunúmer á Þjóðveldisbænum. Breytist kannski þegar þau fá lóðarnúmer.

**Annað:** Sumarið fer rólega af stað, rekstraraðilar finna aðeins fyrir minni umferð segir Guðmundur. En eru róleg.

Fleira var ekki rætt. Fundi lokið kl. 10.